

Lyfjaskrá fyrir lyfjakistu

A

Efnisyfirlit

| Flokkar og undirflokkar | Lyf | Bls. |
|---|--|------|
| 1 Blóðrás | | |
| A Hjarta og æðavirk lyf | 1.1.1 Adrenalín | 4 |
| | 1.1.2 Adrenalín penni | 5 |
| B Hjartaöng | 1.1.3 Nitroglycerín | 6 |
| C Þvagræsilyf | 1.1.4 Fúrósemíð (Furix) | 7 |
| D Lyf gegn blæðingum, t.d. móðurlífsblæðingar | 1.1.5 Methylergometrin | 8 |
| | 1.1.6 Tranexamsýra | 9 |
| E Blóðþrýstingslækkandi lyf | 1.1.7 Metoprolol (Tartrate) | 10 |
| | 1.1.8 Amlodipín | 11 |
| F Blóðþynningarlyf | 1.1.9 Hjartamagnyl | 12 |
| 2 Meltingarfæri | | |
| A Magabólgur og magasár | 1.2.1 Omeprazól | 13 |
| | 1.2.2 Acidum algínicum (Gaviscon) | 14 |
| B Lyf við ógleði | 1.2.3 Metóklópramíð | 15 |
| | 1.2.4 Meclozín | 16 |
| | 1.2.5 Scopolamín (Scopoderm) | 17 |
| C Hægðalyf | 1.2.6 Natriumlárylsúlfoacetat (MicroLax) | 18 |
| | 1.2.7 Lactulosum (Medilax) | 19 |
| | 1.2.8 Loperamide | 20 |
| D Lyfjakol | 1.2.9 Lyfjakol | 21 |
| E Lyf við gyllinæð | 1.2.10 Flúókortólón/lídókaín (Doloproct) | 22 |
| | 1.2.11 Flúókortólón/lídókaín (Doloproct) | 23 |
| 3 Verkir og krampar | | |
| A Verkjalyf, hitalækkandi lyf, bólgueyðandi lyf | 1.3.1 Parasetamól | 24 |
| | 1.3.2 Ibuprofen | 25 |
| | 1.3.3 Codeín og paracetamol (Parkodin forte) | 26 |
| | 1.3.4 Ketorolac/Toradol | 27 |
| B Sterk verkjalyf | 1.3.5 Morfín | 28 |
| | 1.3.6 Oxycodonum (Oxynorm dispersa) | 29 |
| C Lyf gegn flogaköstum | 1.3.7 Midazolam | 30 |
| D Mótefni | 1.3.8 Naloxon | 31 |
| 4 Taugakerfi | | |
| A Róandi lyf | 1.4.1 Klórdíazepoxíð | 32 |
| B Geðlyf | 1.4.2 Halóperidól | 33 |
| C Sjóveikilyf | 1.4.3 Prómetasín | 34 |
| D Lyf gegn flogaköstum | 1.4.4 Midazolam | 35 |
| 5 Ofnæmi | | |
| A Ofnæmislyf | 1.5.1 Cetírísín | 36 |
| B Steralyf | 1.5.2 Hýdrókortísón | 37 |
| | 1.5.3 Prednisolon | 38 |
| 6 Öndunarfæri | | |
| A Astmalyf | 1.6.1 Salbútamól | 39 |
| B Hóstastillandi lyf | 1.6.2 Codeín og paracetamol (Parkodin forte) | 40 |
| C Lyf við nefstíflu | 1.6.3 Oxýmetasólín | 41 |

7 Sýkingar

| | | | | |
|---|--------------------|--------|---------------------------------------|----|
| A | Sýklalyf | 1.7.1 | Amoxicillin/clavulansýra (Penicillín) | 42 |
| | | 1.7.2 | Azithromycin | 43 |
| | | 1.7.3 | Dikloxacillín | 44 |
| | | 1.7.4 | Cíprófloxasín | 45 |
| | | 1.7.5 | Ceftriaxon | 46 |
| | | 1.7.6 | Metronidazol | 47 |
| | | 1.7.7 | Clindamycin | 48 |
| B | Þvagfærasýkingar | 1.7.8 | Nítrofúrantóín | 49 |
| C | Sníklar | 1.7.9 | Mebendasól | 50 |
| | | 1.7.10 | Tenutex | 51 |
| D | Stífkrampabólusetn | 1.7.11 | Boostrix | 52 |

8 Vökva- og salttap

| | | | | |
|--|---------------|-------|-------------------|----|
| | Saltvatn | 1.8.1 | Saltvatn | 53 |
| | Sykurlausn | 1.8.2 | Sykurlausn | 54 |
| | | 1.8.3 | Glucogel Dextrose | 55 |
| | Salt og sykur | 1.8.4 | Resorb | 56 |
| | | 1.8.5 | Gatorade | 57 |

9 Húð, augu, eyru og munnur

| | | | | |
|---|---------------|--------|------------------------------------|----|
| A | Húð | 1.9.1 | Fucidin | 58 |
| | | 1.9.2 | Hýdrókortisón | 59 |
| | | 1.9.3 | Dicolfenacum (Voltaren gel) | 60 |
| | | 1.9.4 | Ekónasól | 61 |
| | | 1.9.5 | Permetrín | 62 |
| | | 1.9.6 | Brunagel | 63 |
| | | 1.9.7 | Saltvatn (skolvökvi) | 64 |
| | | 1.9.8 | Sóttreinsivökvi (t.d. Klorhexidin) | 65 |
| B | Augu | 1.9.9 | Chloramphenicolium | 66 |
| | | 1.9.10 | Proxýmetakain | 67 |
| C | Eyru | 1.9.11 | HTP augn- og eyrnadropar | 68 |
| D | Munnhol | 1.9.12 | Klorhexidin | 69 |
| E | Staðdehyfilyf | 1.9.13 | Lidocain | 70 |
| | | 1.9.14 | Lidocain | 71 |
| | | 1.9.15 | Fluorescein | 72 |
| | | 1.9.16 | Sóttreinsandi sárþurrkur | 73 |

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur A | Hjarta- og æðavirk lyf | Ofnæmislost |
|----------------|------------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.1 | ADRENALÍN | C 01 C A 24 |

Lyfjaform: Stungulyf

1 ml inniheldur: Adrenalín 1 mg/ml

Allergic shock. Injection of adrenalin (epinephrin) 0.3-0.5 mg intramuscular.
Cardiac arrest 1 mg intravenously.

Ábendingar:

Ofnæmislost og önnur alvarleg ofnæmisviðbrögð.
Astmi.
Hjartastopp.

Frábendingar:

Kransæðasjúkdómar

Aukaverkanir:

Ótti, hjartsláttur, höfuðverkur. Stórir skammtar geta valdið hjartsláttartruflunum.

Skammtar:

Við ofnæmislosti eða alvarlegum ofnæmisviðbrögðum gefist 0.3 -0.5 ml í vöðva
Við hjartastopp er gefið 1 mg hægt í æð eða í vöðva ef ekki aðgengilegur
æðaleggur.
Hafið samband við lækni.

Varúð:

Gæta skal sérstakrar varúðar hjá sjúklingum með háþrýsting,
sykursýki eða ofstarfsemi skjaldkirtils.

GEYMIST Á KÖLDUM STAÐ (+2°C til +8°C).

Samheitalyf:

Adrenalin Mylan.

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| | | Ofnæmislost |
|-------|-----------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.2 | ADRENALÍN PENNI | C 01 C A 24 |

Lyfjaform: Penni

Einn skammtur inniheldur Adrenalín 300 míkrog.

Allergic shock. Injection of adrenalin (epinephrin) 0.3 mg intramuscular

Ábendingar:

Ofnæmislost og önnur alvarleg ofnæmisviðbrögð.

Frábendingar:

Fara ber varlega ef viðkomandi er með kransæðasjúkdóm

Aukaverkanir:

Ótti, hjartsláttur, höfuðverkur. Stórir skammtar geta valdið hjartsláttartruflunum.

Skammtar:

Við ofnæmislosti eða alvarlegum ofnæmisviðbrögðum gefist 0.3 ml í vöðva (utanvert læri).

Varúð:

Gæta skal sérstakrar varúðar hjá sjúklingum með háþrýsting, sykursýki eða ofstarfsemi skjaldkirtils.

Geymist við lægra hitastig en 25°C en geymist ekki í kæli

Samheitalyf:

JEXT

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur B | Hjartaöng | Hjartaverkur |
|----------------|---------------|--------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.3 | NITROGLYCERÍN | C 01 D A 02 |

Lyfjaform: Tungurótartöflur

Hver tungurótartafla inniheldur: Glyceryli nitras NFN 0,5 mg

Acute attack of angina pectoris, tablets. Each tablet contains:
Glyceryl trinitrate 0.5 mg.

Ábendingar:

Hjartaverkur (hjartaöng).

Frábendingar:

Lágur blóðþrýstingur, blóðskortur, æðakölkun í heila.

Aukaverkanir:

Roði
Blóðþrýstingsfall
Höfuðverkur
Svimi

Skammtar:

1 tafla (0,5 mg) látin bráðna undir tungu við hjartaöng.
Lyfjagjöf má endurtaka á 5 mín fresti þar til verkur hverfur en mest 3 töflur á 15 mín.
Hafa ber samband við lækni

Varúð:

Varúðar skal gæta við gjöf lyfsins hjá sjúklingum með ósæðarþrengsli, gláku eða brátt hjartadrep.
Lyfið er rokkgjarnt efni. Lokið glasinu vel eftir hverja opnun.
Geymið töflurnar í upprunalega glasinu; ekki setja þær í önnur ílát.

Samheitalyf:

Nitroglycerin DAK.

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur C | Þvagræsilyf | Bjúgur |
|----------------|-------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.4 | FÚRÓSEMÍÐ (FURIX) | C 03 C A 01 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur Furosemidum 40 mg.

Diuretic, Tablets, each contains: Furosemidum 40 mg.

Ábendingar:

Lungnabjúgur

Bjúgur vegna hjartabilunar, nýrnabilunar og lifrabilunar.

Frábendingar:

Lifrabilun á háu stigi.

Ofnæmi fyrir lyfinu.

Aukaverkanir:

Kalíum- og magnesíumtap.

Getur stuðlað að þvagsýrugigt.

Getur hækkað blóðsykur hjá sykursýkissjúklingum.

Skammtar:

Ein tafla eftir þörfum í samráði við lækni.

Varúð:

Notist samkvæmt læknisráði.

Samheitalyf:

IMPUGAN

FURIX

LASIX

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur D | Lyf gegn blæðingum, t.d. móðurlífsblæðingar | Blæðingar |
|----------------|---|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.5 | METHYLERGOMETRIN | G 02 A B 01 |

Lyfjaform: Stungulyf

Hver lykja (1ml) inniheldur: Methylergometrinum INN, maleat, 0,2 mg/ml.

Against serious uterine hemorrhage after abortion or delivery, tablets.

Each tablet contains: Methylergometrinum INN, maleate, 0.125 mg.

Ábendingar:

Blæðingar eftir fósturlát eða fæðingu.

Frábendingar:

Meðganga.

Æðakölkun eða aðrir slagæðasjúkdómar.

Lifrar- og nýrnasjúkdómar.

Aukaverkanir:

Kviðverkir.

Höfuðverkur.

Við eitrun getur komið drep í útlími (vegna þrenginga í æðum) og breytingar á blóðþrýstingi.

Skammtar:

Hafið samband við lækni.

1-2 töflur 2-3svar á dag.

Lyfið skal ekki gefa fyrr en fylgjan er öll komin.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Mikilvægt er, að halda til haga öllu, sem kynni að koma frá konunni (helst utan hennar augnsýnar verði því komið við) svo að læknir geti skoðað það síðar.

Samheitalyf:

METHERGIN®, Novartis

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| | | Blæðingar |
|-------|--------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.6 | TRANEXAMSÝRA | B 02 A A 02 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Tranexamsýra 500 mg.

Against risk for serious bleeding after trauma or other diseases, tablets.
Each tablet contains: tranexamic acid 500 mg.

Ábendingar:

Hætta á blóðtapi eftir slys eða sjúkdóma t.d. eftir fósturlát.
Miklar tíðablæðingar

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.
Hætta á blóðtappamyndun.

Aukaverkanir:

Ógleði og uppköst.
Krampar

Skammtar:

Gefið í samráði við lækni, 2-3 töflur í senn, þrisvar á dag..

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Samheitalyf:

CYCLOKAPRON

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur E | Blóðþrýstingslækkandi lyf | Háþrýstingur |
|----------------|------------------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.7 | METOPROLOL (TARTRATE) | C 07 A B 02 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Metoprolol 50 mg.

Hypertension, angina pectoris, tablets. Each tablet contains:
Metoprolol 50 mg.

Ábendingar:

Háþrýstingur.
Hjartaöng (hjartaverkur), hjartaverkur.
Hjartsláttartruflanir.

Frábendingar:

Hjartabilun.
Lungnasjúkdómar með berkjusamdrætti.
Hægur hjartsláttur.
Æðaprengsli í útlimum.
Insúlínháð sykursýki.
Þungun.

Aukaverkanir:

Preyta, ógleði, svimi.

Skammtar:

1 tafla einu sinni til tvisvar á dag í samráði við lækni.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Samheitalyf:

METOPROLIN
SELOKEN

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| | | Háprýstingur |
|-------|-----------|--------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.8 | AMLODIPIN | C 08 C A 01 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Amlodipin 5 mg

Hypertension, angina pectoris, tablets. Each tablet contains:
Amlodipin 5 mg.

Ábendingar:

Háprýstingur.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu
Hjartabilun.
Lost

Aukaverkanir:

Kviðverkir, ógleði, svimi.
Höfuðverkur

Skammtar:

1 tafla einu sinni til tvisvar á dag í samráði við lækni.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Samheitalyf:

AMLODIPIN BLUEFISH
AMLÓ
NORVASC
AMLODIPIN MEDICAL VALLEY

Flokkur 1.1 BLÓÐRÁS

| Undirflokkur F | Blóðþynningarlyf | Blóðþynning |
|----------------|------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.1.9 | HJARTAMAGNYL | B 01 A C 06 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Acetylsalicylsýra 75 mg.

Antitrombotic effect, for angina pectoris or risk for myocardial infarction, tablets.
Each tablet contains: Acetylsalicylic acid 75 mg.

Ábendingar:

Hjartaöng (hjartaverkur), hjartaverkur.
Yfirvofandi kransæðastífla
Blóðþynningarmeðferð

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.
Aukin blæðingartilhneiging.
Saga um magasár eða blæðingar í meltingarvegi.

Aukaverkanir:

Aukin blæðingartilhneiging

Skammtar:

1 tafla einu sinni á dag í samráði við lækni.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Samheitalyf:

HJARTAMAGNÝL
HJARTA-ASPIRÍN
ASPIRIN

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| Undirflokkur A | Magabólgur og magasár | Brjóstsviði |
|----------------|-----------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.1 | OMEPRAZÓL | A 02 B C 01 |

Lyfjaform: Sýruhjúphylki

Hvert sýruhjúphylki inniheldur: Omeprazolum INN, 20 mg.

Proton pump inhibitor, to reduce the production of hydrochloric acid in stomach, enterocapsules.
Each capsule contains: Omeprazolum INN 20 mg.

Ábendingar:

Of mikil framleiðsla á magasýrum.
Maga- eða skeifugarnasár.
Bólga í vélinda vegna bakflæðis.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.

Aukaverkanir:

Ógleði, niðurgangur eða hægðatregða.
Höfuðverkur.

Skammtar:

1 hylki á dag.

Varúð:

Ef um er að ræða ný veikindi, skal sjúklingurinn leita til læknis við fyrsta tækifæri.

Samheitalyf:

LOSEC
OMEPRAZOL ACTAVIS.
OMEPRAZOL RATIOPHARM.
OMEPRAZOL SANDOZ.
OMEPRAZOL MEDICAL VALLEY.

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Brjóstsviði |
|-------|------------------------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.2 | ACIDUM ALGINICUM (GAVISCON) | A 02 B X 13 |

Lyfjaform: Tuggutöflur

Hver tafla inniheldur: Acidum alginicum NFN 350 mg, Alumíníi hydroxidum sicc. 100 mg, Natrii hydrogencarbonas 120 mg, Mannitolum 750 mg.

Antacids, tablets to be chewed. Each tablet contains a combination of acidum alginicum NFN, alumíníi hydroxidum sicc., sodium hydrogencarbonas and mannitolum.

Ábendingar:

Brjóstsviði.
Maga- og skeifugarnasár.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.

Aukaverkanir:

Engar.

Skammtar:

Tuggutöflur skal tyggja vel áður en þeim er kyngt.
1-3 tuggutöflur í senn, 1/2-1 klukkustund eftir máltíð, þegar einkenna verður vart eða að kvöldi fyrir svefn.

Varúð:

Notist ekki samtímis járn- og tetracyklínlyfjum.

Samheitalyf:

GAVISCON®, Ferring

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| Undirflokkur B | Lyf við ógleði | Ógleði |
|----------------|----------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.3 | METÓKLÓPRAMÍÐ | A 03 F A 01 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Metoclopramidum INN 10 mg.

Antiemetics, suppositories. Each suppository contains:
Metoclopramidum INN 10 mg.

Ábendingar:

Ógleði og uppköst.

Frábendingar:

Ofnæmi
Pungun.
Flogaveiki, Parkinsonsjúkdómar

Aukaverkanir:

Syfja.
Hreyfingartruflanir

Skammtar:

1 tafla í einu mest 3svar á dag. Hámarksmeðferðarlengd 5 dagar.

Varúð:

Ætti ekki að nota ef undirliggjandi taugasjúkdómar eða hjartasjúkdómar.

Samheitalyf:

AFIBRAN
PRIMPERAN

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Ógleði |
|-------|-----------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.4 | MECLOZIN | R 06 A E 05 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Meclozinum INN, klóríð, 25 mg.

Against seasickness, tablets. Each tablet contains: Meclozinum INN, hydrochloride, 25 mg.

Ábendingar:

Sjóveiki
Ógleði og uppköst.

Frábendingar:

Gláka
Þvagtregða

Aukaverkanir:

Syfja.
Munnþurrkur

Skammtar:

Við sjóveiki:

Fullorðnir: 1 tafla 1-2 klst. fyrir sjóferð og síðan 1 tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur.

Börn 1-5 ára: 1/2 tafla 1-2 klst. fyrir sjóferð og síðan 1/2 tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur.

Börn 6-12 ára: 1/2-1 tafla 1-2 klst fyrir sjóferð og síðan 1/2-1 tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur.

Við ógleði:

1 tafla 2svar á dag fyrir fullorðna

Varúð:

Lyfið getur verið sljógvandi og valdið syfju og þess vegna valdið seinkun á viðbragði.

Samheitalyf:

POSTAFEN

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Ógleði |
|-------|------------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.5 | SCOPOLAMIN (SCOPODERM) | A 04 A D 01 |

Lyfjaform: Plástur

Forðaplástur sem inniheldur Scopolamín 1 mg/72 klst.

Against seasickness, patches that contain Scopolamin 1 mg/72 hours.

Ábendingar:

Sjóveiki
Ferðaveiki

Frábendingar:

Gláka
Ofnæmi fyrir lyfinu

Aukaverkanir:

Syfja og þreyta
Munnþurrkur
Þokusýn

Skammtar:

Plástur settur á húð bakvið eyrað 5-6 klst áður en ferð á að hefjast og má nota á 72 klst fresti en fjarlægist eftir ferð ef ekki er þörf á lengri meðferð.

Varúð:

Lyfið getur verið sljógandi og valdið syfju og þess vegna valdið seinkun á viðbragði.

Samheitalyf:

SCOPODERM

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| Undirflokkur C | Hægðalyf | Hægðatregða |
|----------------|------------------------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.6 | NATRIUMLÁRÝLSÚLFOACETAT (MICROLAX) | A 06 A G 11 |

Lyfjaform: Endaþarmslausn

Endaþarmslausn, gefin í endaðarm.

Micro-enema for obstipation, given rectally.

Ábendingar:

Hægðatregða.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu

Aukaverkanir:

Kviðverkir, sviði í endaðarmi.

Skammtar:

1 túpa (5 ml) tæmd í endaðarm. Verkun fæst eftir 20-30 mínútur.

Varúð:

Notist ekki ef gyllinæð til staðar sem getur blætt.

Samheitalyf:

MICROLAX

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Hægðatregða |
|-------|----------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.7 | LACTULOSUM (MEDILAX) | A 06 A D 11 |

Lyfjaform: Mixtúra

Mixtúra, inniheldur Laktulósa 667 mg/ml.

Solution for long standing obstipation, 15-30 ml once a day.

Ábendingar:

Langvarandi hægðatregða.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.

Bráðasjúkdómar í kviðarholi

Aukaverkanir:

Kviðverkir. Ógleði og uppköst.

Uppþemba

Skammtar:

Mixtúra, 15-30 ml einu sinni á dag

Varúð:

Notist ekki ef grunur er um bráðasjúkdóm í kviðarholi.

Samheitalyf:

MEDILAX

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Niðurgangur |
|-------|-------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.8 | LOPERAMIDE | A 07 D A 03 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla, inniheldur Loperamidum INN klóríd, 2mg.

Antidiurhoicam tablets. Each tablet contains Loperamidum INN Chlorid, 2 mg

Ábendingar:

Bráður niðurgangur.

Frábendingar:

Meðganga og brjóstgjöf.
Alvarleg colitis ulcerosa köst.

Aukaverkanir:

Höfuðverkur, þreyta og ógleði
Magaverkir, uppþemba og munnþurrkur
Ofnæmi (húðútbrot)

Skammtar:

2 töflur fyrst, síðan 1 tafla eftir hvern niðurgang, þó ekki þéttar en á 2-3 klst fresti
Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur (16 mg)

Athugið:

Fáið upplýsingar um niðurgangsfæði

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.
Sjáist ekki bati innan 48 klst á að hætta inntöku lyfsins

Samheitalyf:

IMODIUM

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| Undirflokkur D | Lyfjakol | Eitranir |
|----------------|----------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.9 | LYFJAKOL | A 07 B A 01 |

Lyfjaform: Mixtúra

Hver ml inniheldur lyfjakol 150 mg.

Adsorbent, liquid. Each ml contains: Charcoal, activated, 150 mg.

Ábendingar:

Eitranir af völdum ýmissa efna og lyfja.
Matareitrun og niðurgangur.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu

Aukaverkanir:

Hægðatregða

Skammtar:

Við eitrunum gefið 150 ml af lausn.

Varúð:

Hafið strax samband við lækni.

Samheitalyf:

KOLSUSPENSION

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| Undirflokkur E | Lyf við gyllinæð | Gyllinæð |
|----------------|-----------------------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.10 | FLÚÓKORTÓLON/LÍDÓKAÍN (DOLOPROCT) | C 05 A A 04 |

Lyfjaform: Endaparmssmyrslí

1 g inniheldur: Prednisolonum INN, kapróat, 1,9 mg, Cinchocainum INN, klóríð, 5 mg.

Antihaemorrhoidalia, ointment. Each g contains: Prednisolonum INN, caproate, 1.9 mg, Cinchocainum INN, chloride, 5 mg.

Ábendingar:

Gyllinæð.

Frábendingar:

Berklar í eða við endaparm.
Sýkingar.

Aukaverkanir:

Lyfið getur stuðlað að sveppasýkingu.

Skammtar:

Berist á endaparm 2-4 sinnum á dag.

Varúð:

Notist ekki lengur en í 4 vikur samfelld án samráðs við lækni.

Samheitalyf:

SCHERIPROCT

Flokkur 1.2 MELTINGARFÆRI

| | | Gyllinæð |
|--------|-----------------------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.2.11 | FLÚÓKORTÓLON/LÍDÓKAÍN (DOLOPROCT) | C 05 A A 04 |

Lyfjaform: Endaþarmsstílar

Hver endaðarmsstíll inniheldur: Prednisolonum INN, kapróat, 1,9 mg, Cinchocainum INN, Klóríð, 5 mg.

Antihaemorrhoidalia, suppositories. Each suppository contains: Prednisolonum INN, caproate, 1.9 mg, Cinchocainum INN, chloride, 5 mg

Ábendingar:

Gyllinæð.

Frábendingar:

Berklar í eða við endaðarm.
Sýkingar.

Aukaverkanir:

Lyfið getur stuðlað að sveppasýkingu.

Skammtar:

Einn endaðarmsstíll daglega.

Varúð:

Notist ekki lengur en 4 vikur samfellt án samráðs við lækni.

Samheitalyf:

SCHERIPROCT

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| Undirflokkur A | Verkjalyf, hitalækkandi lyf, bólgueyðandi lyf | Verkir |
|----------------|---|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.1 | PARASETAMÓL | N 02 B E 01 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Paracetamolium INN 500 mg.

Analgesic and antipyretic, tablets. Each tablet contains: Paracetamolium INN 500 mg.

Ábendingar:

Verkjastillandi lyf við höfuðverk, tannverk eða tíðaverk.
Hitalækkandi.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu.
Lifrarsjúkdómar.

Aukaverkanir:

Ofnæmi, húðútbrot.

Skammtar:

1-2 töflur í senn, mest 3-4 sinnum á dag.

Varúð:

Lyfið getur valdið lifrabólgu ef það er tekið í stærri skömmum en að ofan greinir.
Langvarandi notkun getur valdið nýrnaskemmdum.

Samheitalyf:

PANODIL
PARATABS
PARACETAMOL SANDOS
PARACETAMOL-RATIOPHARM
DOLORIN
TYLENOL
ALVEDON
ACETAMINOPHEN

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| | | Verkir |
|-------|-----------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.2 | IBUPROFEN | M 01 A E 01 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Ibuprofenum INN 400 mg

Antiinflammatoric and antirheumatic, tablets. Each tablet contains: Ibuprofenum INN 400 mg

Ábendingar:

Bólguþandi og verkjastillandi lyf, við bakverkjum, vöðvaverkjum, liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum og tannpínu.

Frábendingar:

Magabólgur og magasár
Pungun.
Skert lifrarstarfsemi.
Astmi.

Aukaverkanir:

Ofnæmi (útbrot).
Meltingaróþægindi (niðurgangur, ógleði).
Astmi getur versnað.

Skammtar:

1-2 töflur 3-4 sinnum á dag, mest 6 töflur á sólarhring.
Takist með mat.

Varúð:

Sjúklingar, sem hafa fengið astma, slæmt nefrennsli eða ofsakláða eftir töku Magnyls eða skyldra lyfja, skulu ekki nota lyfið.

Samheitalyf:

BRUFEN
IBUXIN
IBUPROFEN BIL

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| | | Verkir |
|-------|---|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.3 | CODEINE OG PARACETAMOL (PARKODIN FORTE) | N 02 B E 51 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Codeini phosphas, hemihydricus, 30 mg,
Paracetamolium INN 500 mg.

Analgesic and antipyretic, tablets. Each tablet contains: Codeini phosphas,
hemihydricus, 30 mg, Paracetamolium INN 500 mg.

Ábendingar:

Verkir, t.d. höfuðverkur, bakverkur, vöðvaverkir, tannverkur
eða tíðaverkir.
Hóstatillandi.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir parasetamóli.
Lifrarsjúkdómar.

Aukaverkanir:

Ofnæmi, húðútbrot.
Preyta, ógleði, hægðatregða.

Skammtar:

1-2 töflur 1-4 sinnum á dag.

Varúð:

Lyfið getur valdið lifrabólgu ef það er tekið í stærri skömmtum
en að ofan greinir.
Langvarandi notkun getur valdið nýrnaskemmdum.
Lyfið getur verið sljógandi og valdið syfju.
Ávana hættu er fyrir hendi.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

PARKÓDÍN FORTE
VICODIN

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| | | Verkir |
|-------|-------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.4 | KETOROLAC/TORADOL | M 01 A B 15 |

Lyfjaform: Stungulyf

Hver lykja, 1 ml, inniheldur ketorolac 30 mg.

Strong analgesic, injection. Each ml contains: Ketorolac 30 mg.

Ábendingar:

Miklir verkir.

Frábendingar:

Magabólgur og magasár.
Virk blæðing eða blæðingartilhneiging.
Ofnæmi fyrir gigtarlyfjum.
Alvarlegir nýrnasjúkdómar.

Aukaverkanir:

Óþægindi frá meltingarvegi.
Bjúgur.
Niðurgangur

Skammtar:

Stungulyf, 15-30 mg gefin djúpt í vöðva eða hægt í æð.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

TORADOL

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| Undirflokkur B | Sterk verkjalyf | Verkir |
|----------------|-----------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.5 | MORFÍN | N 02 A A 01 |

Lyfjaform: Stungulyf

1 ml inniheldur: Morphini chloridum.3H₂O 10 mg.

Strong analgesic, injection. Each ml contains: Morphini hydrochloride 10 mg.

Ábendingar:

Miklir verkir.

Frábendingar:

Léleg öndun, öndunarerfiðleikar.

Höfuðáverkar.

Meðvitundarleysi.

Aukaverkanir:

Svimi, ógleði, uppköst, munnþurrkur.

Öndunarslæving.

Blóðþrýstingsfall og hraður hjartsláttur.

Við ofskömmtun er hættu á öndunarlömun.

Skammtar:

10 mg (1 ml) gefist í vöðva.

Við ógleði: Gefið einnig 25 mg (1 ml) af PRÓMETASÍNI í vöðva (Sjá lyf nr. 1.4.3).

Hafið samband við lækni um frekari lyfjagjöf.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Ávanahætta er mikil.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

MORFÍN LÍN SULPHATE

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| | | Verkir |
|-------|--------------------------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.6 | OXYCODONUM (OXYNORM DISPERSA) | N 02 A A 05 |

Lyfjaform: Munndreyfitafla

Hver tafla inniheldur oxycontin 5 mg.

Strong analgesic, injection. Each tablet contains oxycontin 5 mg.

Ábendingar:

Miklir verkir.

Frábendingar:

Léleg öndun, öndunarerfiðleikar.

Höfuðáverkar.

Meðvitundarleysi.

Aukaverkanir:

Svimi, ógleði, uppköst, munnþurrkur.

Öndunarslæving.

Blóðþrýstingsfall og hraður hjartsláttur.

Við ofskömmtun er hættu á öndunarlömun.

Skammtar:

Munndreyfitafla, ein tafla í senn við slæmum verkjum á 4-6 klst fresti í samráði við lækni.

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Ávanahætta er mikil. Skal ekki gefa með öðrum slævandi lyfjum.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

OXYNORM DISPERSA

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| Undirflokkur C | Lyf gegn flogaköstum | Krampar |
|----------------|----------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.7 | MIDAZOLAM | N 05 C D 08 |

Lyfjaform: Munngjafarlyf

Munngjafarlyf Midazolam 5 mg/ml.

Ábendingar:

Krampar.

Frábendingar:

Meðvitundarleysi.
Áfengis- og lyfjæitrun.

Aukaverkanir:

preyta og syfja.
Svimi, ógleði, minnstruflanir, lækkaður blóðþrýstingur.

Skammtar:

1-2 mg gefin djúpt í vöðva eða í æð, einungis í samráði við lækni.
Má einnig gefa með úðara í nef

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

MIDAZOLAM ACCORD
DORMICUM.

Flokkur 1.3 VERKIR OG KRAMPAR

| Undirflokkur D | Mótefni | Ofskömmun |
|----------------|---------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.3.8 | NALOXON | V 03 A B 15 |

Lyfjaform: Nefúðalausn í stakskammtailáti

Hver skammtur inniheldur 1,8mg naloxonhýdróklóríð.
Stakskammtailát inniheldur 0,1mlx2

Ábendingar:

Til að upphefja meðvitundarleysi og öndunarbælingu af völdum ópíóid lyfja.

Frábendingar:

Ofnæmi fyrir lyfinu

Aukaverkanir:

Óróleiki og fráhrarfseinkenni ef um fíknisjúkdóm er að ræða.

Skammtar:

Ráðlagður skammtur er 1,8 mg gefinn í aðra nösina, þ.e. 1 úðaskammtur í nef, gæti þurft annan skammt

Varúð:

Verið í sambandi við lækni varðandi eftirfylgni.

Samheitalyf:

NALOXON
NYOXID

Flokkur 1.4 TAUGAKERFI

| Undirflokkur A | Róandi lyf | Róandi |
|----------------|----------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.4.1 | KLÓRDÍAZEPOXÍÐ | N 05 B A 02 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Chlordiazepoxidum INN 10 mg.

Sedative, tablets. Each tablet contains: Chlordiazepoxidum INN 10 mg

Ábendingar:

Kvíði, spennu, órói.
Fráhrarfseinkenni áfengissýki
Drykkjuæði (Delerium tremens).
Svefntruflanir.

Frábendingar:

Meðvitundarleysi.
Áfengis- og lyfjæitrun.

Aukaverkanir:

Ávanahætta, þreyta, syfja.
Svimi, hreyfitruflanir.

Skammtar:

1 tafla í senn, mest 2-3svar á dag

Varúð:

Sá sem er í starfi, sem krefst mikillar einbeitingar og viðbragðsflýttis, skal ekki nota lyfið, þar sem það veldur syfju og seinkun á viðbragði. Lyfið skal ekki nota samtímis áfengisneyslu.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

RISOLID

Flokkur 1.4 TAUGAKERFI

| Undirflokkur B | Geðlyf | Geðveiki |
|----------------|-------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.4.2 | HALÓPERIDÓL | N 05 A D 01 |

Lyfjaform: Stungulyf

1 ml inniheldur: Haloperidolum INN 5 mg.

Neuroleptic, injection. Each ml contains: Haloperidolum INN 5 mg.

Ábendingar:

Dempandi verkun gegn geðveiki.
Delerium tremens.

Frábendingar:

Parkinsons veiki.

Aukaverkanir:

Parkinsons einkenni.
Blóðþrýstingur getur lækkað.
Þunglyndi.

Skammtar:

Í samráði við lækni gefnir 2-4 ml (5 - 10 mg) í vöðva.
Ef nauðsyn krefur, má gefa aðra 2 ml til viðbótar eftir 30-60 mínútur.

Varúð:

Einungis gefið í samráði við lækni.

Samheitalyf:

HALDOL

Flokkur 1.4 TAUGAKERFI

| Undirflokkur C | Sjóveikislyf | Ógleði |
|----------------|-------------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.4.3 | PRÓMETASÍN | R 06 A D 02 |

Lyfjaform: Stungulyf

1 ml inniheldur: Promethazinum INN, klóríð, 25 mg.

Antiemetic, injection. Each ml contains: Promethazinum INN, hydrochloride, 25 mg.

Ábendingar:

Til að minnka ógleði samfara notkun MORFÍNS (Lyf nr.1.3.5).

Kvíði, spenna.

Áfengissýki.

Svefntruflanir.

Frábendingar:

Minnkuð meðvitund, meðvitundarleysi.

Aukaverkanir:

Syfja, þreyta.

Sjóntruflanir.

Munnþurrkur.

Erfiðleikar við þvaglát.

Skammtar:

Þetta lyf skal nota með MORFÍNI (Lyf nr 1.3.5).25 mg (1 ml) gefist í vöðva.

Varúð:

Innsýting í vöðva getur verið sársaukafull og valdið herpingu á stungustað. Sjúklingur skal látinn liggja í ca. 1/2 klst. á eftir.

Samheitalyf:

ATOSIL

PHENERGAN

Flokkur 1.4 TAUGAKERFI

Undirflokkur D Lyf gegn flogaköstum

Krampar

Nr.

Nafn

ATC-Flokkur

1.4.4

MIDAZOLAM

N 05 C D 08

Lyfjaform: Munngjafarlyf

Munngjafarlyf Midazolam 5 mg/ml.

Ábendingar:

Krampar.

Frábendingar:

Meðvitundarleysi.

Áfengis- og lyfjæitrun.

Aukaverkanir:

Preyta og syfja.

Svimi, ógleði, minnstruflanir, lækkaður blóðþrýstingur.

Skammtar:

1-2 mg gefin djúpt í vöðva eða í æð, einungis í samráði við lækni.

Má gefa með úðara í nef

Varúð:

Má aðeins nota í samráði við lækni.

Athuga:

Alla notkun lyfsins skal skrá á sérstakt blað í dagbók lyfjakistunnar.

Samheitalyf:

MIDAZOLAM ACCORD

DORMICUM

Flokkur 1.5 OFNÆMI OG BRÁÐAOFNÆMI

| Undirflokkur A | Ofnæmislyf | Ofnæmi |
|----------------|------------------|--------------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.5.1 | CETIRISÍN | R 06 A E 07 |

Lyfjaform: Töflur

Hver tafla inniheldur: Cetirizinum INN, díhýdróklóríð, 10 mg.

Allergy, tablets. Each tablet contains: Cetirizinum INN, dihydrochloride, 10 mg.

Ábendingar:

Ofnæmi.

Kláði og ofsakláði.

Frábendingar:

Lyfið er ekki ætlað yngri en 12 ára.

Aukaverkanir:

Syfja, þreyta.

Munnþurrkur.

Skammtar:

1 tafla á dag.

Varúð:

Lyfið getur verið sljógandi og valdið syfju og þess vegna valdið seinkun á viðbragði

Samheitalyf:

HISTASIN

CETIRIZIN STADA

CETIRIZIN RATIOPHARM

ZENSITIN

Flokkur 1.5 OFNÆMI OG BRÁÐAOFNÆMI

| Undirflokkur B | Steralyf | Lost |
|----------------|---------------|-------------|
| Nr. | Nafn | ATC-Flokkur |
| 1.5.2 | HÝDRÓKORTISÓN | H 02 A B 09 |

Lyfjaform: Stungulyf

Hvert hettuglas inniheldur: Hydrocortisonum INN, natríumsúkkínat, samsvarandi Hydrocortisonum INN 100 mg.

